

Selfossi, 18.03.2024

Ágæti viðtakandi,

Eitt af hlutverkum Háskólafélags Suðurlands er að færa menntun, rannsóknir og nýsköpun nær Sunnlendingum. Háskólafélagið stýrir nú áhersluverkefnum „Atvinnubru“ í samstarfi við SASS, sem snýr að því að auka tækifæri sunnlenskra háskólanema á þátttöku á rannsóknum og verkefnum í heimabyggð, sem og auka tengingu þeirra við fyrirtækin á svæðinu.

Dregin verða fram þau tækifæri sem felast í háskólanámi með því að skapa öflugt tengslanet, greiða aðgang nemenda að atvinnu, rannsóknum, mentorum og öðrum starfsmönnum með sérþekkingu, sem eru tilbúnir til þess að deila þekkingu og reynslu á ólíkum sviðum atvinnulífsins á Suðurlandi. Með þessu erindi viljum við kanna hvort þið séuð tilbúin til þess að vera hluti af hópi þeirra aðila sem taka þátt í verkefnum með okkur og styrkja þannig stöðu háskólanema á Suðurlandi.

Hver þátttakandi stýrir sinni aðkomu út frá umfangi og getu. Þátttaka felur í sér eftirfarandi atriði en hvert fyrirtæki/stofnun velur einn eða fleiri af þeim möguleikum sem eru upptaldir:

Fyrirtæki og stofnanir.

Kynningar fyrirtækis/stofnunar á starfsemi og helstu verkefnum.

- Veita upplýsingar um fyrirtækið og helstu verkefni í formi kynninga (á staðnum eða rafrænt) til háskólanema.

Skráning verkefna og/eða starfa/þjálfunar sem henta nemendum í háskólanámi.

- Skráning fyrirtækis/stofnunar á heimasíðu Háskólafélagsins ásamt mögulegum tækifærum til atvinnu eða nemendaverkefna í formi verknáms eða sumarvinnu hjá fyrirtæki/stofnun. (Dæmi: starfsþjálfun, verknám, sumarvinna eða misserisbundin verkefni sem nemandi getur sinnt samhliða námi).
- Mentor á vegum fyrirtækis/stofnunar.
- Þekkingarstarfsmaður eða stjórnandi sem getur veitt nemenda innsýn, leitt áfram í formi upplýsingaöflunar eða dýpkunar þekkingar er varða fræðasvið eða deild fyrirtækis/stofnunar.

Rannsóknarverkefni/nemendaverkefni á vegum fyrirtækis/stofnunar.

- Þjóða upp á rannsóknarverkefni á vegum fyrirtækis/stofnunar sem hentar til lokaverkefna í grunn- eða framhaldsnámi á háskólastigi. Verkefnið hefði sunnlenska skírskotun og styður við þá faggrein sem nemandi sækir í námi.

Háskólar.

Leiðbeinendur rannsóknaverkefna - samtal og samstarf við Háskólafélag Suðurlands.

- Veita upplýsingar um nemendur í leit að rannsóknarefni til lokaverkefna í grunn- eða framhaldsnámi á háskólastigi.

- Veita upplýsingar um nemendur með rannsóknarefni sem gæti hagnast sunnlensku samfélagi og/eða atvinnulífi.
- Leiðbeina í samstarfi við fyrirtæki/stofnanir með sunnlenska tengingu við náttúru, menningu, samfélag eða atvinnulíf.

Þátttakendur í verkefninu fá umfjöllun á heimasíðu Háskólafélags Suðurlands sem og á samfélagsmiðlum félagsins þegar það á við. Með tímanum verður til gagnagrunnur ólíkra aðila sem verður nýttur til þess að para saman fólk/nemendur og atvinnulíf á Suðurlandi sem auðveldar sérfræðingum, nemendum, leiðbeindum og vinnustöðum að styrkja sína heild til langs tíma.

Stefnt er að því að þátttakendur taki þátt í málstofu í mars 2025 þar sem rýnt er í verkefnið til gagns og um leið skoðaðir frekari möguleikar til vaxtar.

Hægt er að skrá sig til þátttöku með því að senda tölvupóst á helga@hfsu.is. Við viljum gjarnan kynna framkvæmd verkefnisins betur fyrir ykkur og skoða mögulegar samstarfsleiðir. Einnig tökum við á móti ábendingum og hugmyndum um leiðir til áframhaldandi eflingar háskólasamfélagsins á Suðurlandi. Ef óskað er eftir frekari kynningu er velkomið að senda póst og við finnum heppilegan fundartíma.

Með fyrir fram þökkum,

Helga Kristín Sæbjörnsdóttir

Verkefnastjóri / Project Manager

helga@hfsu.is



University Center of South Iceland

Fjölheimum, Tryggvagötu 13

800 Selfossi

Tel. 560-2040 / 866-4998

www.hfsu.is

www.fjolheimar.is